

Aukafundur

Aukafundur hreppsnefndar, 3.12.2001. kl.17:00.

Mættir: Oddur Skúlason, Henry Már Ásgrímsson, Gunnlaugur Ólafsson, Steinn Karlsson og Björn Ingimarsson

Dagskrá.

1. Mál. Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar 2002.

Gestur fundarins Sigurður R. Ragnarsson, kynnti og skýrði fjárhagsáætlun Héraðsnefndar fyrir árið 2002. Eftir nokkrar umræður var lögð fram og afhent athugasemd hreppsnefndar Þórshafnarhrepps " Á undanförunum árum hefur hreppsnefnd Þórshafnarhrepps gert athugasemd við þá aðferð sem viðhöfð er við skiptingu kostnaðar vegna Héraðsnefndar. Viðhöfð hefur verið hrein höfðatöluskipting en það er mat Þórshafnarhrepps að eðlilegt sé að endurskoða þessa aðferð m.a. í ljósi tekna einstakra sveitarfélaga af starfsemi Héraðsnefndar. " Að afloknum umræðum var fjárhagsáætlun Héraðsnefndar samþykkt samhljóða.

2. Mál. Skipan aðalmanns í stjórn Héraðsnefndar.

Tillaga varaoddvita um að Björn Ingimarsson sveitarstjóri verð aðalmaður í Héraðsnefnd var samþykkt samhljóða.

Fleira ekki á dagskrá og fundi slitið kl. 19:15.

Björn Ingimarsson, ritari.